

Frelsi 19. des. 2016

„Á seinni öldum hafa flestir sem leggja jákvæðan skiling í frelsishugtakið talið að maður sé frjáls þegar athafnir hans eru í samræmi við hans eigin meðvituð markmið eða skynsemin stjórnar hugunum hans og gerðum en ófrjáls ef hann er t.d. á valdi ótta, fíknar eða mógsefjunar.“

„Rousseau áleit að maður sé frjáls ef hans eigin betri vitund eða skynsemi stjórnar gerðum hans en ófrjáls ella. Svipaðar hugmyndir má finna hjá Kant og Hegel. Eftir því sem ég kemst næsternu hugmyndir þessara þremmenninga um frelsi að verulega leyti sóttar í Siðfræði Spinoza þar sem við upphaf IV. hluta er [mælt] á þessa leið:

„Vanmátt mannsins til að halda geðshræringum sínum í skefjum kalla ég „fjötra“ því sá sem er ávaldi geðshræringa er ekki sjálfs sín herra heldur leiksoppur örlaga sem hafa slíkt vald yfir honum að jafnvel þótt hann sjái hvað er betra er hann eigi að síður oft neyddur til að gjöra það sem er verra.“ Atli Harðarson. Frelsi sem dygð og frjálsmannleg samfélagsskipan. Samanburður á Spinoza og Locke. 219 – 234/ bls. 223-224.